



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 09. maí 2017

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, með síðari breytingum (rafsígarettur). (Þingskjal 564 — 431. mál.)

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, með síðari breytingum (rafsígarettur)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir það.

Samtökin fagna því að sett séu í lög reglur um notkun og sölu á rafsígarettum. Það var mikið framfaraskref þegar notkun reyktóbaks var bönnuð í almannarýmum og nánast útrýmt úr umhverfi barna og ungmenna, svo sem af heimilum. Börn hafa nú til langs tíma getað notið þess að vera laus við óbeinar reykingar og þann skaða sem þær valda og er mikilvægt að snúa ekki af þeirri braut. Efni í rafrettum eru margskonar og mismikið vitað um áhrif þeirra til langs tíma. Það er því mjög mikilvægt að sömu reglur gildi um notkun rafsígarettna og reyktóbaks. Þar með er verið að senda skýr skilaboð til barna og ungmenna um að notkun rafsígarettna sé ekki æskileg.

Mikilvægt er að samfélagið hugi að forvörnum gegn notkun rafsígarettna með virkum hætti svo börn verði látin njóta vafans af því litla sem vitað er um áhrif af notkun rafsígarettna. Upplýsingar sem fram hafa komið um notkun rafsígarettna barna allt niður í grunnskólaaldur, valda áhyggjum og er nauðsynlegt að bregðast við þeirri þróun.

Að öðru leyti hafa samtökin ekki athugasemdir við frumvarpið og telja það setja eðlilegar reglur um takmörkun á aðgengi og um bann við auglýsingum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og vinna að forvörnum gegn skaðlegum og heilsuspillandi efnum og hegðun.